

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. mars 2007 í máli nr. S-309/2007:

### Ákærvaldið

*(Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir fulltrúi)*

**gegn**

### Skorra Rafni Rafnssyni

*(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 28. mars 2007, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 6. mars 2007, á hendur Skorra Rafni Rafnssyni, [...], Kriuhólum 4, Reykjavík, fyrir líkamsárás, með því að hafa hinn 17. september 2006, við Sambíó í Kringlunni í Reykjavík, slegið Lúðvík Þór Þorfinnsson, [...], hnefahögg í andlitið, með þeim afleiðingum að hann féll rænulaus í gólfið og hlaut heilahristing, mar vinstra megin á höfði og yfir hægri kjálkalið og sár á vör.

Er þetta talið varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er þess krafist að ákærða verði gerð vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst verjandi hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Þar sem ákærði hefur játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök var farið með mál þetta samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um frávísunarkröfu, lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Frávísunarkrafa ákærða er rökstudd með því að brotþoli hafi afturkallað kæru sína á hendur honum og því beri að vísa málinu frá. Yfirlýsing brotþola um afturköllun kæru var lögð fram í þinghaldi 23. mars sl. Sækjandi kveðst hafa ráðfært sig við ríkissaksóknara vegna þessa. Afturköllun kæru breytti engu þar sem almenningshagsmunir krefjst opinberrar málssóknar.

Við gildistöku almennra hegningarlaga nr. 19/1940 var kveðið á um að sókn sakar vegna brota samkvæmt 217. gr. ætti sá sem misgert væri við. Opinber málssókn væri þó jafnan heimil. Með 10. gr. laga nr. 20/1981 var ákvæðinu breytt á

Þá leið að málssókn væri opinber og að mál skuli eigi höfða nema almenningshagsmunir krefjist þess. Í greinargerð með breytingalögunum segir að horfið sé frá þeirri skipan að sókn sakar geti sá átt sem misgert var við. Það þyki ekki eðlilegir saksónarhættir í refsímáli út af líkamsárás að einstaklingur höfði mál og að það samrýmist vart gildandi viðhorfum í refsirétti og opinberu réttarfari. Tekið var fram að það væri mjög fátítt að einstaklingar sæktu sök samkvæmt 217. gr. Um orðalag þess að mál skuli eigi höfða nema almenningshagsmunir krefjist þess var vísað til þess að það væri að sínu leyti hið sama og í þágildandi 24. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og væri það lagt á vald ríkissaksóknara að meta hvort mál skuli höfða.

Að öllu þessu virtu verður ekki fallist á frávísunarkröfu. Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um það brot sem hann er ákærður fyrir og er það rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í september 1985. Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann á árinu 2004, með lögreglustjórásátt, undir greiðslu sektar fyrir fikniefnalaga brot. Hinn 3. mars 2005 var hann dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og fikniefnalagabrot. Hinn 25. október 2006 gekkst hann, með lögreglustjórásátt, undir greiðslu sektar fyrir umferðarlagabrot. Með broti því sem ákærði er sakfelldur fyrir hefur ákærði rofið framangreindan skilorðsdóm og ber með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að taka hann upp og ákveða refsingu ákærða í einu lagi, sbr. 77. gr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að ákærði er á ný fundinn sekur um líkamsárás. Til refsilækkunar horfir að ákærði hefur játað brot sitt hreinskilnislega. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvo mánuði, en dómurinn telur rétt að binda refsingu skilorði eins og í dómsorði segir.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, samtals 104.384 kr. Samkvæmt yfirliti um sakarkostnað er um að ræða útlagðan kostnað vegna áverkavottorðs, 25.700 krónur. Þóknun verjanda ákærða, Sveins Andra Sveinssonar hrl., þykir hæfilega ákveðin 78.684 krónur, að virðisaukaskatti meðtöldum. Tekið hefur verið tillit til vinnu verjanda á rannsóknarstigi.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, fulltrúi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir, settur héraðsdómari.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Skorri Rafn Rafnsson, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940,

sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 104.384 krónur í sakarkostnað, þar með talin 78.684 króna þóknun skipaðs verjanda hans, Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns.

Sandra Baldvinsdóttir